

**Nr. 20-027 S 020 Málmei SK 1*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.*: 1833  
*IMO*: 8602878  
*Utgerð*: Fisk-Seafood ehf.  
*Smíðaður*: Flekkefjord Noregi 1987, stál  
*Stærð*: 882,8 brl. 1469,7 bt.  
*Mesta lengd*: 56,5 m *Skráð lengd*: 54,4 m  
*Breidd*: 12,6 m *Dýpt*: 7,7 m  
*Vél*: Wärtsilä 2200 kW, 1987  
*Fjöldi skipverja*: 15



Málmei©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 11. júní 2019 var Málmei SK 1 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: Kaldi og sjólítið.

Skipverji var að fjarlægja fiskinema úr trolli en við það rak hann hníf sem hann notaði í vinstri hönd. Hann var frá vinnu u.þ.b. mánuð.

***Við rannsókn kom fram:***

- að slasaði sagði að þeir hefðu verið að færa fiskinemann á milli trolla og við það hefði þurft að hafa hraðar hendur;
- að hnífurinn var venjulegur þilfarshnífur sem skipverjar höfðu á sér;
- að slasaði taldi þetta hafa verið mannleg mistök. Hann var búinn að vera á skipinu í um fjögur ár.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.